

15. Stjórnarfundur í stjórn Alnæmisbarna, 22. febrúar 2005

Haldinn 22. febrúar 2005 á Salatbarnum, Faxafeni 9, Reykjavík

Mætt: Þórunn Sveinbjarnardóttir, Helga Tuliníus, Bjarni Reyr Kristjánsson, Hildur Gestsdóttir og María J. Gunnardóttir.

Efni fundarins.

- Fyrirhuguð för Maríu og Hildar til CLF í Kampala rædd.
- María leggur fram reikning upp á 72.880 kr fyrir léni og hýsingu á heimasíðu Alnæmisbarna. Reikningurinn verður sendur Símanum sem bauðst til að greiða þennan kostnað fyrir Alnæmisbörn.
- Ákveðið að keyra á að koma út stuðningssamkomulagi til styrktarféлага Alnæmisbarna til undirritunar fyrir mánaðrmótin feb-mars.
- Tölvumál CLF. Gamla fartölvan hennar Erlu verður líklega gefin CLF eftir að búið verður að yfirfara hana.
- Stjórn Alnæmisbarna samþykkir að María og Hildur taki með sér 200.000 kr til CLF, til að spara sendingarkostnað fyrir peningana.
- Umsjónamaður heimasíðunnar fær leyfi hjá stjórninni að birta farsímanúmer stjórnarmeðlima á heimasíðu Alnæmisbarna.

ritari: Bjarni Reyr Kristjánsson.